



# Akraneskaupstaður

**1383. fundur bæjarstjórnar  
verður haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,  
þriðjudaginn 28. nóvember 2023 og hefst kl. 17:00**

## Almenn erindi

### 1. 2204124 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur 2022-2026

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. nóvember 2023 viðauka við þjónustusamning á milli Akraneskaupstaðar og Íþróttabandalags Akraness og vísaði ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar ákvörðunar.

### 2. 2304154 - Deiliskipulag Jaðarsbakkar og frumhönnun

Skipulags- og umhverfissráð samþykkti á fundi sínum þann 20. nóvember 2023 að leggja til við bæjarstjórn að ganga til samninga við Basalt arkitekta varðandi deiliskipulagsvinnu á Jaðarsbökkum samanber greinargerð skipulagsfulltrúa.

Ráðið mun bjóða framkvæmdastjóra og fulltrúa stjórnar ÍA og KFÍA (tveimur aðilum frá hvoru félagi) að sitja fundi skipulags- og umhverfissráðs sem áheyrnarfulltrúar reglulega undir þessum málslið, þar til skipulagsvinna klárast.

### 3. 2309252 - Deiliskipulag Akratorg Kirkjubraut 1 - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa að Kirkjubraut 1, um að fremri byggingin á lóðinni við Kirkjubraut 1 verði í heild sinni klædd að utan með báruklæðningu, með þeim formerkjum að allur frágangur á klæðningu verði í samræmi við byggingarstíl frá þeim tíma sem húsið er byggt.

Umsóknin var grenndarkynnt skv. 2 mgr. 43. gr skipulagslaga nf. 123/2010. Frá 16. október til 16. nóvember 2023 fyrir lóðarhöfum að Kirkjubraut 2, 3 og 4-6, Skólabraut 37 og Heiðargerði 6 og 8. Þrjú samþykki bárust.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni er í höndum lóðarhafa.

### 4. 2309220 - Skógarlundur 5 hækkun á nhl lóðar - umsókn til skipulagsfulltrúa

Umsókn lóðarhafa að Skógarlundi 5 um að hækka nýtingarhlutfall lóðarinnar í 0,38 úr 0,35. Heimilað byggingarmagn verður 323,8 fermetrar. Annað er óbreytt.

Erindið var grenndarkynnt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. frá 11. október til 9. nóvember 2023. Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum að Skógarlundi 2, 3, 4, 6 og 7.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni er í höndum lóðarhafa.

**5. 2309227 - Skógarlundur 7 hækkun á nhl lóðar - umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn lóðarhafa að Skógarlundi 7, um að hækka nýtingarhlutfall í 0,38 úr 0,35. Heimilað byggingarmagn verður 316,5 fermetrar. Heimilt verði að fjórðungur hússins verði stallaður. Annað er óbreytt.

Erindið var grennarskynt í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. frá 11. október til 9. nóvember 2023. Grenndarkynt var fyrir lóðarhöfum að Skógarlundi 4, 5, 6 og 8. Eitt samþykki barst.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Allur kostnaður sem hlýst af breytingunni er í höndum lóðarhafa.

**6. 2311024 - Gámasvæði á Breið**

Farið yfir fyrirhugaðan samning Sæljóns, félags smábátæigenda á Akranesi, Brims hf., Akraneskaupstaðar og Faxaflóahafna sf. varðandi afnot og rekstur lóðanna Hafnarbrautar 15 og Breiðargötu 3.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið og vísar því áfram til bæjarstjórnar. Ráðið áréttar mikilvægi þess að ásýnd og umgengni um svæðið verði bætt.

**Fundargerðir til kynningar**

**7. 2301002 - Fundargerðir 2023 - bæjarráð**

3548. fundargerð bæjarráðs frá 16. nóvember

**8. 2301005 - Fundargerðir 2023 - skipulags- og umhverfisráð**

282. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 13. nóvember 2023

283. fundargerð skipulags- og umhverfisráðs frá 20. nóvember 2023

**9. 2301004 - Fundargerðir 2023 - skóla- og frístundaráð**

227. fundur skóla- og frístundaráðs frá 17. nóvember 2023

**10. 2301003 - Fundargerðir 2023 - velferðar- og mannréttindaráð**

214. fundargerð velferðar- og mannréttindaráðs frá 21. nóvember 2023.

**11. 2301017 - Fundargerðir 2023 - Heilbrigðisnefnd Vesturlands og fylgiskjöl**

186. fundargerð heilbrigðisnefndar Vesturlands frá 6. nóvember 2023.

**12. 2301019 - Fundargerðir 2023 - Orkuveita Reykjavíkur**

341. fundur stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 25. september 2023.

- 13. 2301031 - Fundargerðir 2023 - Samband íslenskra sveitarfélaga tilkynningar**  
937. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. nóvember 2023.
  
- 14. 2301016 - Fundargerðir 2023 - SSV**  
177. fundargerð stjórnar SSV frá 3. október 2023.

27.11.2023  
Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.